

**Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:**

Skóla- og frístundaráð samþykkir og vísar til borgarráðs tillögu sviðsstjóra um að gerður verði þjónustusamningur við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík vegna reksturs frístundaheimila þeirra, svo fremi sem þeir uppfylla skilyrði samkvæmt drögum að samningi og eru með viðurkenndan þjónustusamning um rekstur grunnskóla í Reykjavík. Vísað er til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 25. febrúar 2019, og fyrirbyggjandi draga að þjónustusamningi. Gerður er fyrirvari um endanlega útfærslu á samþykkt borgarstjórnar um að barnafjölskyldur greiði einungis námsgjald fyrir eitt barn, þvert á skólastig. Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er falið að gera samninginn með þeirri breytingu þegar útfærsla liggur fyrir.



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson

---

### *Efni: Tillaga varðandi framlag til sjálfstætt rekinna grunnskóla í Reykjavík vegna reksturs frístundaheimila*

#### *I Forsaga málsins*

Á 152. fundi skóla- og frístundaráðs þann 22. janúar 2019 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra, dags. 18. janúar 2019, í tengslum við framlag til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila. Jafnframt voru lögð fram drög að þjónustusamningi við sjálfstætt rekna grunnskóla með yngri árganga vegna reksturs frístundaheimila.

Drög að þjónustusamningi eru nú lögð fram til samþykktar skóla- og frístundaráðs og tilvísunar til borgarráðs. Gerður er fyrirvari um að ekki liggur fyrir endanleg útfærsla á samþykkt borgarstjórnar um að barnafjölskyldur greiði einungis námsgjald fyrir eitt barn, þvert á skólastig.

#### *II Umsagnir*

Með bréfi, dags. 1. febrúar 2019, koma Samtök sjálfstæðra skóla á framfæri sjónarmiðum sjálfstætt rekinna grunnskóla við drög að þjónustusamningi. Skóla- og frístundasvið átti fund með fulltrúum Samtaka sjálfstæðra skóla þann 4. febrúar 2019 til að fara yfir athugasemdir samtakanna en brugðist var við athugasemdum með bréfi skóla- og frístundasviðs, dags. 19. febrúar 2019. Að teknu tilliti til athugasemda Samtaka sjálfstæðra skóla var samtökunum sendur samningurinn að nýju til skoðunar. Með tölvuskeyti, dags. 23. febrúar 2019, er því lýst að ekki séu gerðar frekari athugasemdir við samninginn að svo stöddu. Hinsvegar hefðu samtökin viljað sjá til þess vísað að aðilar hefðu sammælt um að halda samtalinu áfram á samningstímanum þar sem þessi samningur er fyrsti sinnar tegundar.

#### *III Tillaga að breytingum*

Lagt er til að vegna skólaáranna 2018-2019, 2019-2020 og 2020-2021, verði gerð sú breyting að framlag Reykjavíkurborgar til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila þeirra verði byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsnæðiskostnaðar) við börn í borgarrekinum frístundaheimilum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætluðum rekstrarkostnaði borgarrekinnna frístundaheimila, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 12 mánaða tímabil. Heildarkostnaður (án húsnæðiskostnaðar) við hvert barn er kostnaður pr. barn í 5 daga vistun á viku. Barn sem dvelur í frístundaheimili skemur en 5 daga verði uppreiknað í 5 daga vistun með því að deila í fjölda



vistunardaga með 5, barn sem dvelur í 4 daga í viku reiknast sem  $4/5 = 0,8$ , sjá nánar í drögum að samningi.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemi 75% af áætluðum árlegum heildar rekstrarkostnaði á hvert barn borgarrekkinna frístundaheimila deilt með 9,5 þ.e. 5,25 mánuðir á vorönn og 4,25 mánuðir á haustönn.

Áætlaður kostnaður við hvert barn í frístundaheimili í Reykjavík vegna skólaársins 2018 - 2019 er um 18 þúsund krónur á mánuði og er því lagt til að greiddar verði kr. 13.500 vegna reykvískra barna í frístundaheimilum sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna skólaáranna 2018 -2019, 2019-2020 og 2020-2021 með fyrirvara um árlega endurskoðun í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar auk þess sem gerður er almennur fyrirvari um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

### III Sjálfstætt reknir grunnskólar í Reykjavík með nemendum á yngra stigi

Sjálfstætt reknir grunnskólar í Reykjavík með nemendum á yngra stigi eru Barnaskóli Hjallastefnunnar, Landakotsskóli, Skóli Ísaks Jónssonar, Suðurhlíðarskóli og Waldorfskólinn Sólstafir. Að uppfylltum skilyrðum mun framangreindum skólum verða boðið að gera þjónustusamning vegna reksturs frístundaheimilis yngri árganga grunnskólans.

### IV Fjárhagsleg áhrif

Kostnaðarauki vegna þjónustusamninganna eru tæpar 21,4 milljónir vegna haustannar 2018 og rúmar 50,6 milljónir á ársgrundvelli 2019 sjá töflu hér fyrir neðan. Vegna manneklu í frístundaheimilum borgarinnar rúmast þessi fjárhæð vegna haustannar 2018 innan ramma skóla- og frístundasviðs en sækja þarf um viðbót vegna kostnaðarauka vegna ársins 2019.

Árs kostnaður		
Barnafjöldi 319	Einingaverð	Heildarverð
Kostnaður pr barn	114.000	36.366.000
Systkinaafsláttur	29.121	9.289.599
Stuðningsþjónusta 1%	15.336	4.892.184
Samtals kostnaður		50.547.783
Kostnaður vegna haustannar 2018		
Barnafjöldi 319	Einingaverð	Heildarverð
Kostnaður pr barn	47.246	15.071.626
Systkinaafsláttur	13.028	4.155.873
Stuðningsþjónusta 1%	6.861	2.188.609
Samtals kostnaður		21.416.107

Áætlun gerir ráð fyrir að um 70% barna í skólunum sæki frístundaþjónustu.



Reykjavík, 18. janúar 2019  
SFS2016100093  
152. fundur  
HG/sp/gS/kg

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson

---

**Efni:** Framlag til sjálfstætt rekinna grunnskóla í Reykjavík vegna rekstur frístundaheimila

*I Forsaga málsins*

Reykjavíkurborg hefur gert samninga við sjálfstætt rekna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila þeirra frá 2007. Greiddur hefur verið mismunur á gjaldskrá sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimilis og gjaldskrá borgarrekinnna frístundaheimila, til sjálfstætt reknu skólanna auk þess sem greitt er framlag vegna stuðnings við börn með sérþarfir og systkinaafsláttur.

Fyrirkomulagið hefur verið með þeim hætti að ef sjálfstætt rekinn skóli innheimtir t.d. kr. 20.000 á mánuði vegna þriggja tíma frístundar fimm daga vikunnar en gjald vegna frístundaheimilis Reykjavíkurborgar er sem dæmi kr. 15.000 á mánuði þá eru greiddar kr. 5.000 til sjálfstætt rekens grunnskóla vegna dvalar barnsins á frístundaheimilinu. Ef gjaldskrá sjálfstætt rekens grunnskóla er byggð á því að foreldrar geta keypt vistun á frístundaheimili vegna ákveðinna fjölda klukkustunda á viku er klukkustundafjöldinn hlutfallaður við gjaldskrá frístundaheimila skóla- og frístundasviðs.

Skóla- og frístundasvið lagði til við skóla- og frístundaráð haustið 2017 að fyrirkomulagið yrði með óbreyttum hætti skólaárið 2017 -2018 þar sem ekki lágu fyrir viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga til samræmis við 4. mgr. 33. gr. a laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum. Viðmiðin voru gefin út í mars 2018.

Það var mat skóla- og frístundasviðs það yrði að fá úr því skorið með hvaða hætti sveitarfélögum yrði bættur fyrirsjáanlegur aukinn kostnaður vegna lagabreytingar í tengslum við aukin framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila þeirra þar sem frá og með 1. júlí 2016 var grunnskólum gert skylt að bjóða nemendum í yngri árgöngum þjónustu frístundaheimila. Erindi þess efnis var sent til mennta- og menningarmálaráðuneytis í mars s.l. Í svari ráðuneytisins, dags 18. október 2018, er afstaða ráðuneytisins rakin, sjá meðfylgjandi bréf. Í framangreindu svari kemur fram að sveitarfélagið hafi heimilt til að



útvista rekstri frístundaheimila til einkaðila, sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Í bréfinu er það jafnframt rakið að rekstur frístundaheimilis sé ekki innfalinn í fjárframlögum sveitarfélags til sjálfstætt rekin skóla samkvæmt 43. gr. b og því þyrfti sveitarfélagið að semja sérstaklega um greiðslur fyrir slíka þjónustu. Lögin hafi ekki viðmið um hve háár slíkar greiðslur ættu að vera.

### *II Sjálfstætt reknir grunnskólar í Reykjavík með yngri árganga grunnskóla*

Sjálfstætt reknir grunnskólar í Reykjavík með yngri árganga eru Barnaskóli Hjallastefnunnar, Landakotsskóli, Skóli Ísaks Jónssonar, Suðurhlíðarskóli og Waldorfskólinn Sólstafir.

### *III Tillaga að breytingum*

Lagt er til að vegna skólaáranna 2018-2019, 2019-2020 og 2020-2021, verði gerð sú breyting að framlag Reykjavíkur til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila þeirra verði byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsnæðiskostnaðar) við börn í borgarrekinum frístundaheimilum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætluðum rekstrarkostnaði borgarrekinnna frístundaheimila, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 9,5 mánaða tímabil. Heildarkostnaður (án húsnæðiskostnaðar) við hvert barn er kostnaður pr. barn í 5 daga vistun á viku. Barn sem dvelur í frístundaheimili skemur en 5 daga verði uppreiknað í 5 daga vistun með því að deila í fjölda vistunardaga með 5, barn sem dvelur í 4 daga í viku reiknast sem  $4/5 = 0,8$ , sjá nánar í drögum að samningi.

Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemi 75% af áætluðum árlegum heildar rekstrarkostnaði á hvert barn borgarrekinnna frístundaheimila deilt með 9,5 þ.e. 5,25 mánuðir á vorönn og 4,25 mánuðir á haustönn.

Áætlaður kostnaður við hvert barn í frístundaheimili í Reykjavík vegna skólaársins 2018 - 2019 er um 18 þúsund krónur á mánuði og er því lagt til að greiddar verði kr. 13.500 vegna reykvískra barna í frístundaheimilum sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna skólaáranna 2018 -2019, 2019-2020 og 2020-2021 með fyrirvara um árlega endurskoðun í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar auk þess sem gerður er almennur fyrirvari um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

Að sama skapi verði gerð sú krafa til frístundaheimila sjálfstætt rekinna grunnskóla að þjónustustig þeirra verði að vera í samræmi við þjónustustig borgarrekinnna frístundaheimila, sjá reglur um þjónustu frístundaheimila:

[https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol\\_thjonustulysingar/reglur\\_um\\_thjonustu\\_fristundah\\_eimila.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/reglur_um_thjonustu_fristundah_eimila.pdf)

Viðmið um gæði frístundaheimila sjá:

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=80cf3a67-3103-11e8-942a-005056bc530c>



Upplýst er um að ekki hefur farið fram formleg úttekt á starfsemi frístundaheimila sjálfstætt rekinna grunnskóla með tilliti til stöðu þeirra þegar kemur að viðmiðum um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks. Á samningstíma fari fram ytra mat á starfsemi frístundaheimila sjálfstætt starfandi grunnskóla.

#### IV Kostnaður skóla- og frístundasviðs

Kostnaðarauki vegna tillögunnar eru tæpar 21,4 milljónir vegna haustannar 2018 og rúmar 50,6 milljónir á ársgrundvelli 2019 sjá töflu hér f. neðan. Vegna manneklu í frístundaheimilum borgarinnar rúmast þessi fjárhæð vegna haustannar 2018 innan ramma skóla- og frístundasviðs en sækja þarf um viðbót vegna kostnaðarauka vegna ársins 2019.

Árs kostnaður		
Barnafjöldi 319	Einingaverð	Heildarverð
Kostnaður pr barn	114.000	36.366.000
Systkinaafsláttur	29.121	9.289.599
Stuðningsþjónusta 1%	15.336	4.892.184
Samtals kostnaður		50.547.783
Kostnaður vegna haustannar 2018		
Barnafjöldi 319	Einingaverð	Heildarverð
Kostnaður pr barn	47.246	15.071.626
Systkinaafsláttur	13.028	4.155.873
Stuðningsþjónusta 1%	6.861	2.188.609
Samtals kostnaður		21.416.107

Áætlun gerir ráð fyrir að um 70% barna í skólunum sæki frístundaþjónustu skólanna.

#### V. Staða málsins

Skóla- og frístundasvið kynnti tillögu að breytingum á fundi með Samtökum sjálfstæðra skóla þann 28. nóvember 2018. Samtökin og sjálfstætt reknir grunnskólar með yngra árganga hafa nú fengið drög að þjónustusamningi til umsagnar.

# Þ J Ó N U S T U S A M N I N G U R

Reykjavíkurborg vegna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar (hér eftir SFS), kt.530269-7609, annars vegar og [Nafn skóla], (hér eftir skólinn), kt. [xxxxxx-xxxx], Reykjavík, hins vegar gera með sér eftirfarandi þjónustusamning um framlag vegna barna í [Nafn skóla] sem nýta frístundaheimili skólans og eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík.

## 1. gr. Skilyrði

- 1.1 Skólinn skal hafa gildan þjónustusamning vegna reksturs grunnskóla við Reykjavíkurborg sem hlotið hefur staðfestingu Menntamálastofnunar, til samræmis við ákvæði reglugerðar 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla. Starfsemi og starfsaðstaða skólans skal á hverjum tíma vera í samræmi við gildandi lög um grunnskóla, æskulýðslög, önnur lög og reglugerðir settar samkvæmt þeim sem tengjast starfseminni.
- 1.2 Réttindi og skyldur barna sem nýta frístundaheimili skólans skulu vera í samræmi við gildandi grunnskólalög á hverjum tíma, reglugerðir settar samkvæmt þeim og æskulýðslög. Starfsemi frístundaheimilis skal vera í samræmi við lög og reglugerðir varðandi aðbúnað og velferð barna, markmið og viðmið um gæði starfs á frístundaheimilum á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis og starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar.
- 1.3 Skólinn skal fá á grundvelli samnings skv. gr. 1.1 greitt fjárframlag vegna grunnskólagöngu barna sem um ræðir skv. samningi þessum. Skólinn ber alla ábyrgð á rekstri frístundaheimilisins.
- 1.4 Framlagið er greitt vegna barna í skólanum, sem nýta frístundaheimili hans og sem eiga lögheimili í Reykjavík og vegna barna sem eru fósturbörn, ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. SFS krefur sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur um kostnað vegna skólagöngu barns í fóstri hjá fósturforeldrum með lögheimili í Reykjavík.
- 1.5 Framlag er greitt vegna reykvískra barna og barna í fóstri hjá fósturforeldrum með lögheimili í Reykjavík sem stunda nám í 1. til 4. bekk skólans.
- 1.6 Greitt er framlag vegna nýtingar frístundaheimilis en ekki er greitt framlag vegna síðdegishressingar/fæðisgjalds. Kostnaður vegna síðdegishressingar/fæðisgjalds skal vera aðgreindur í gjaldskrá skólans.
- 1.7 Skólinn, vegna reksturs frístundaheimilisins, fylgir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 enda telst hann ábyrgðaraðili persónuupplýsinga vegna vinnslu þeirra í starfsemi

frístundaheimilisins. Skólanum ber að tryggja að miðlun upplýsinga skv. samningi þessum til skóla- og frístundasviðs sé í samræmi við framangreind lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Starfsfólk skólans skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Óheimilt er að ráða til starfa í frístundaheimilið einstaklinga sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsidóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á síðastliðnum fimm árum. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

- 1.8 Um framlag samkvæmt samningi þessum gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti framlaga frá Reykjavíkurborg.
- 1.9 Framlag er greitt að uppfylltum framangreindum skilyrðum og skilyrðum sem fram koma í 2. og 3. gr. sammings þessa.

## **2. gr. Fjárframlög**

- 2.1 Framlagið er byggt á áætluðum heildarkostnaði (án húsnæðiskostnaðar) við börn í borgarreknum frístundaheimilum, skv. fjárhagsáætlun ársins, þ.e. áætluðum rekstrarkostnaði borgarrekkinna frístundaheimila, á ársgrundvelli, þ.e. fyrir 9,5 mánaða tímabil. Heildarkostnaður (án húsnæðiskostnaðar) við hvert barn er kostnaður pr. barn í 5 daga vistun á viku. Barn sem dvelur í frístundaheimili skemur en 5 daga er uppreiknað í 5 daga vistun með því að deila í fjölda vistunardaga með 5, barn sem dvelur í 4 daga í viku reiknast sem  $4/5 = 0,8$ . sjá töflu í grein 2.2.
- 2.2 Mánaðarlegt rekstrarframlag fyrir hvert barn nemur 75% af áætluðum árlegum heildar rekstrarkostnaði og endurskoðast árlega, sbr. skilgreiningu í gr. 2.1, á hvert barn borgarrekkinna frístundaheimila deilt með 9,5 þ.e. 4,25 mánuðir á haustönn og 5,25 mánuðir á vorönn.

Úthlutun er eftirfarandi:

- Barn í 5 daga vistun á viku eða yfir 17 kl. tíma á viku, greitt fullt framlag.
- Barn í 4 daga vistun á viku eða 13 til 16 kl. tíma á viku, greitt 80% af heildar framlagi.



- Barn í 3 daga vistun á viku eða 9 til 12 kl. tíma á viku, greitt 60% af heildar framlagi.
- Barn í 2 daga vistun á viku eða 5 til 8 kl. tíma á viku, greitt 40% af heildar framlagi.
- Barn í 1 daga vistun á viku eða 1 til 4 kl. tíma á viku, greitt 20% af heildar framlagi.

### Vegna systkina gildir eftirfarandi vegna haustannar skólaársins 2018 -2019:

Greitt er hærra framlag til skólans til lækkunar á kröfu skólans á gjaldi gagnvart foreldrum ef tvö systkini eða fleiri eru í vistun í frístundastarfi skólans sem nemur 75% af framlagi fyrir hvert barn sbr. gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna frístundaheimila Reykjavíkur vegna annars barns en 100% af framlagi fyrir hvert barn vegna þriðja og fjórða barns, skilyrði er að systkini hafi sama lögheimili og fjölskyldunúmer í þjóðskrá. Ekki er greitt framlag vegna síðdegishressingar. Þá er greitt aukið framlag vegna systkina milli dagforeldra, leikskóla og frístundaheimila/sértæks félagsmiðstöðvastarfs þannig að 50% afsláttur er af gjöldum á frístundaheimili/sértæku félagsmiðstöðvastarfi ef barnið á systkini í leikskóla eða hjá dagforeldri að því gefnu að fjölskyldunúmer í þjóðskrá sé það sama. Það er skilyrði að greitt sé framlag vegna systkinis til dagforeldris eða til sjálfstætt rekens leikskóla eða grunnskóla vegna rekstur frístundaheimilis, systkinið sé í leikskóla eða á frístundaheimili/sértæku félagsmiðstöðvastarfi á vegum borgarinnar. Ekki er greitt framlag vegna síðdegishressingar.

Eftirfarandi eru upplýsingar um fjárhæð framlagsins:

Framlag skóla- og frístundasviðs 2018				
Fjöldi vistunar daga	Tímar á viku	Framlag á mánuði	Systkinaafsláttur	
			50%	75%
5 dagar	yfir 17	13.500	6.707	10.060
4 dagar	13 til 16	10.800	5.469	8.203
3 dagar	9 til 12	8.100	4.221	6.332
2 dagar	5 til 8	5.400	2.978	4.467
1 dagar	1 til 4	2.700	1.731	2.596

Systkinaafsláttur í frístundaheimilum skóla og frístundasviðs Reykjavíkurborgar			
Gjaldskrá 2018		50%	75%
5 dagar	13.413	6.707	10.060
4 dagar	10.937	5.469	8.203
3 dagar	8.442	4.221	6.332
2 dagar	5.956	2.978	4.467
1 dagar	3.461	1.731	2.596

Foreldrar sækja um systkinaafsláttinn hjá skólanum.

**Vegna systkina gildir eftirfarandi frá 1. janúar 2019 með fyrirvara um að eftir er að útfæra endanlega regluna um að barnafjölskyldur greiði einungis námsgjald fyrir eitt barn, þvert á skólastig:**

Greitt er hærra framlag til skólans til lækkunar á gjaldskrá skólans gagnvart foreldrum ef systkini, tvö eða fleiri dvelja í í frístundaheimili skólans fyrir sama fjölda daga og yngra/yngrsta barnsins fyrir eldra/eldri systkini á starfstíma grunnskóla sem nemur 100% af framlagi fyrir hvert barn/afslætti af gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna frístundaheimila Reykjavíkur að því gefnu að fjölskyldunúmer í þjóðskrá og lögheimili sé það sama. Ef systkini eru fleiri en tvö er greitt hærra framlag sem nemur 100% af framlagi fyrir hvert barn /afslætti af gjaldskrá skóla- og frístundasviðs vegna frístundaheimila Reykjavíkur vegna allra barnanna að undanskyldu því yngsta.

Það sama gildir ef barn í frístundaheimili skólans á yngra/yngrri systkini í vistun í leikskóla borgarinnar eða skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna dvalar barns hjá dagforeldri eða til sjálfstætt rekens leikskóla, yngra systkin er í frístundaheimili Reykjavíkurborgar eða greitt er framlag til sjálfstætt rekens grunnskóla vegna reksturs frístundaheimilis.

Foreldrar skulu alltaf skal greiða gjald vegna yngsta barns.

Skilyrði fyrir afslætti vegna systkina er að öll börnin séu með sama fjölskyldunúmer/lögheimili í þjóðskrá. Ekki er greitt framlag vegna síðdegishressingar og því ekki veittur afsláttur vegna systkina.

Ekki er veittur systkinaafsláttur af gjaldi vegna þjónustu á foreldradögum og starfsdögum.

Eftirfarandi eru upplýsingar um fjárhæð framlagsins:

<b>Framlag Skóla og frístundasviðs 2019</b>			
Fjöldi vistunar daga	Tímar á viku	Framlag á mánuði	Systkina afsláttur
5 dagar	yfir 17	14.090	100%
4 dagar	13 til 16	11.270	13.802
3 dagar	9 til 12	8.454	11.254
2 dagar	5 til 8	5.640	8.687
1 dagar	1 til 4	2.820	6.129
			3.561

<b>Aukið framlag vegna systkina í frístundaheimili grunnskólans</b>		
Gjaldskrá sfs 2019		100%
5 dagar	13.802	13.802
4 dagar	11.254	11.254
3 dagar	8.687	8.687
2 dagar	6.129	6.129
1 dagar	3.561	3.561

Foreldrar sækja um systkinaafslátt hjá skólanum.

Ef breytingar verða á gjaldskrá frístundaheimila/sértæks félagsmiðstöðvastarfs á vegum Reykjavíkurborgar á samningstímanum gilda þær einnig um framlag vegna reksturs frístundaheimila sjálfstætt rekinna grunnskóla.

- 2.3 Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs liggur til grundvallar útreikningi framlagsins. Rekstrarframlagið endurskoðast árlega eftir að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hefur verið samþykkt, almennt í janúar ár hvert. Framlagið verður einnig endurskoðað ef breytingar verða í laga- og rekstrarumhverfi skóla- og frístundasviðs, s.s. vegna breytinga á lögum, reglugerðum og kjarasamningum, fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs eða vegna kröfu um hagræðingu í rekstri. Mun skóla- og frístundasvið upplýsa um breytinguna svo fljótt sem verða má og eigi síðar en 14 dögum eftir að hún tekur gildi gagnvart frístundaheimilum Reykjavíkurborgar.
- 2.4 Uppgjör samkvæmt samningi þessum skal fara fram í janúar og júní ár hvert vegna undanfarandi skólaannar. Fyrsta uppgjör í mars 2019 vegna haustannar 2018 og í júní 2019 vegna vorannar 2019, í janúar 2020 vegna haustannar 2019 og með sama hætti vegna skólaársins 2020 -2021.
- 2.5 Uppgjör samkvæmt grein 2.2 fer fram að undangengnum skilum skólans á nauðsynlegum upplýsingum; Skólinn skal senda SFS upplýsingar um nöfn, kennitölur og heimilisföng reykvískra barna sem nýta frístundaheimilið, auk upplýsinga um lengd dvalar þeirra eigi síðar en 31. desember ár hvert vegna haustannar og 31. maí ár hvert vegna vorannar. Ef um er að ræða aukið framlag vegna systkina skal þess getið.
- 2.6 Framlag SFS er greitt til skólans, sbr. grein 2.4 innan 30 daga frá eindaga reiknings skólans. Ef SFS eða skólinn verða vör við mistök í greiðslu framlags ber að tilkynna um þau án tafar.

### **3. gr. Skilgreining þjónustu**

3.1 Með samningi þessum skal skólinn veita eftirfarandi þjónustu að lágmarki:

Þjóða upp á fjölbreytt tómsundastarf þegar hefðbundnum skóladegi barna í 1. – 4. bekk lýkur. Á samningstímanum verði þjónustutími frístundaheimilis þróaður til samræmis við þjónustutíma frístundaheimila sem eru rekin af Reykjavíkurborg, sjá reglur um þjónustu frístundaheimila.

[https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol\\_thjonustulysingar/reglur\\_um\\_thjonustu\\_fristundaheimila.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/reglur_um_thjonustu_fristundaheimila.pdf)

Leggja skal áherslu á að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast í umhverfi sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.

Frístundaheimilið skal vera frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálsan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins

3.2 Þjónusta við börn sem þurfa sértækan stuðning í frístundastarfi skal skipuleggja í samvinnu við foreldra, skólann og aðra fagaðila er tengjast börnum. Hægt er að sækja um greiðslu vegna stuðnings við börn á frístundaheimilum. Sækja skal um heimild fyrir stuðningi til ráðgjafabroskaþjálfra hjá skrifstofu frístundamála hjá SFS þar sem einnig má nálgast viðeigandi umsóknarform og frekari upplýsingar.

Þjónusta við börn sem þurfa sértækan stuðning skal alltaf stuðla að virkri þátttöku barna í frístundastarfinu.

#### **4. gr. Gjaldtaka**

Skólanum er heimilt að taka gjald af foreldrum vegna dvalar barna þeirra á frístundaheimili skólans.

#### **5. gr.**

##### **Innritun barna**

Skólanum ber að setja sér reglur um innritun barna í frístundaheimili skólans sem byggðar skulu á ákvæðum grunnskólalaga um skóla án aðgreiningar þar sem öll börn eiga sama rétt til að innritast í frístundaheimilið án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

#### **6. gr.**

##### **Fundir og námskeið fyrir skólastjórnendur**

SFS skal upplýsa og bjóða stjórnendum skólans á reglubundna fundi sem yfirstjórn SFS heldur með stjórnendum frístundastarfs í Reykjavík. Jafnframt skal bjóða stjórnendum skólans að sækja námskeið á vegum SFS gegn greiðslu kostnaðar.

#### **7. gr.**

##### **Upplýsingar, mat og eftirlit**

Skóla- og frístundasvið fer með lögbundið eftirlit með starfsemi frístundaheimilisins og einnig með eftirlit með efndum samningsins.

Á samningstímanum fer fram úttekt/ytra mat á starfsemi frístundaheimilisins. Skóla- og frístundasvið annast formlega úttekt á starfsemi frístundaheimilisins byggt á lögum um grunnskóla og viðmiðum um gæði starfs vegna frístundaheimila fyrir börn 6—9 ára útgefnum af mennta- og menningarmálaráðuneytinu;

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=80cf3a67-3103-11e8-942a-005056bc530c>

Við undirritun samningsins skal skólinn leggja fram vetraráætlun/starfsáætlun um helstu verkefni og áherslur starfseminnar vegna skólaársins 2018 – 2019 og síðan árlega fyrir komandi skólaár fyrir 1. maí.

### **8. gr.**

#### **Ársskýrsla og endurskoðaður ársreikningur**

Skólinn skal skila ársskýrslu ásamt endurskoðuðum ársreikningi til SFS fyrir 1. maí ár hvert fyrir liðið fjárhagsár.

### **8. gr.**

#### **Endurskoðun samnings**

Ef upp koma breytingar í starfsumhverfi viðurkenndra grunnskóla eða frístundaheimila sem reknir eru af öðrum en Reykjavíkurborg er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins með tilliti til þeirra.

### **9. gr.**

#### **Framsal**

Samningsaðilum er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

### **10. gr.**

#### **Force Majeure**

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

### **11. gr.**

#### **Endurkrafa á ofgreiddu framlagi og vanefndir**

- 11.1 Komi í ljós að SFS hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun SFS lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Skólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði. Dráttarvextir reiknast af höfuðstól endurgreiðslukröfunnar skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

- 11.2 Komi til vanefnda af hálfu annars hvors aðila samnings þessa er hinum aðilanum heimilt að grípa til viðeigandi vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

**12. gr.**  
**Gildistími og uppsögn**

- 11.1 Samningur þessi gildir til þriggja ára og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Hann gildir því fyrir tímabilið [dags.]. ágúst 2018 til [dags. ] júní 2021 þ.e frá skólabyrjun í ágúst 2018, fram að skólaslitum í júní 2021. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar SFS eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.
- 11.2 Óski annar hvor aðilinn eftir því að segja upp samningnum fyrr er gagnkvæmur uppsagnarfrestur 3 mánuðir. Tilkynning um uppsögn skal vera skrifleg og afhent með sannanlegum hætti.

**13. gr.**  
**Varnarþing**

Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

**14. gr.**  
**Undirritun**

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_  
F.h. skóla- og frístundasviðs

\_\_\_\_\_  
[Nafn skóla]

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og yfirlýsingu [Nafn skóla] um fjárræði sitt:

---

Nafn og kt.

---

Nafn og kt.

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og yfirlýsingu fulltrúa Reykjavíkurborgar] um fjárræði sitt:

---

Nafn og kt.

---

Nafn og kt.



samtök sjálfstæðra skóla

Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið  
Borgartúni 35  
105 Reykjavík

Reykjavík, 1. febrúar 2019

## **Efni: Umsögn um drög að samningi við sjálfstætt rekna grunnskóla vegna reksturs frístundar**

SSSK - Samtök sjálfstæðra skóla vísa til erindis skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, dags. 18. janúar sl., og sent var á sjálfstætt rekna grunnskóla þar sem óskað er umsagnar þeirra um drög að að samningi borgarinnar við grunnskólana vegna reksturs frístundar. Var skólunum veittur frestur til dagsins í dags til að veita umsögn um drögin og hafa umræddir grunnskólar óskað þess að SSSK veiti sameiginlega umsögn fyrir þeirra hönd.

SSSK hafa kynnt sér fyrirbyggjandi gögn, þ.e. erindi borgarinnar sem og umrædd samningsdrög, og vilja samtökin koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum hvað þau varðar. Fyrir það fyrsta fagna SSSK því að loks sjái fyrir enda á þeirri óvissu sem uppi hefur verið um framlög vegna lögbundinnar skyldu sveitarfélaga til að bjóða upp á frístund, hvort sem það er á eigin vegum eða samkvæmt samkomulagi við sjálfstætt rekna grunnskóla, enda liggja nú fyrir drög að samningi þess efnis. Telja samtökin verulegt hagsmunamál að ná fram skýrum, skilvirkum og einföldum samningi um þessi mál fyrir jafnt grunnskóla, borgina og foreldra f.h. barna sinna. Í raun ættu þessi áhersluatriði að vera markmið samningsins en að mati SSSK skortir þó á að slík markmið endurspeglast í fyrirbyggjandi drögum. Því leggja samtökin almenna áherslu á að drögin verði einfölduð, s.s. hvað varðar útfærslur á framlögum. Að þessu slepptu óska SSSK eftir að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum um einstaka ákvæði fyrirbyggjandi samningsdraga.

**Í fyrsta lagi** benda SSSK á ákvæði 1.2 gr. draganna þar sem vísað er til þeirra laga og reglna sem um starfsemi frístundaheimila gilda. SSSK taka undir mikilvægi þess að huga að þeim skyldum sem hvíla á rekstraraðilum frístundaheimila og endurspeglast m.a. í fyrstu setningu ákvæðisins þar sem segir að réttindi og skyldur barna sem nýta frístundaheimili skólans skulu vera í samræmi við gildandi grunnskólalög á hverjum tíma, reglugerðir settar samkvæmt þeim og æskulýðslög. Telja samtökin að umrædd upptalning sé í raun tæmandi um þær kröfur sem gerðar eru til slíkrar starfsemi og þau réttindi sem börn eiga að njóta innan veggja þeirrar starfsemi. Því telja SSSK það gagnrýnisvert að þeim sé þar að auki gert að fylgja enn frekari innri reglum borgarinnar um þá starfsemi, reglum sem settar eru af yfirstjórn frístundaheimila borgarinnar fyrir eigin starfsemi. Benda SSSK þar að auki á að borgin hefur athugasemdalaust samþykkt frístundastarfsemi sjálfstætt rekinna grunnskóla og þar með staðfest þá starfsemi í verki. Því fara samtökin fram á að tekin verði út tilvísun til frístundastefnu borgarinnar og samþykktir borgaráðs í ákvæðinu. Þannig mætti útfæra annan málslið ákvæðisins á þessa vegu: „*Starfsemi frístundaheimilis skal vera í samræmi við lög og reglugerðir varðandi aðbúnað og velferð barna, starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti Reykjavíkurborgar*“. Á þá vegu er að fullu náð markmiði um öryggi og velferð barna í frístundastarfi sjálfstætt rekinna grunnskóla, nú sem áður fyrr. Þar að auki benda SSSK á að ytri úttekt borgarinnar á starfsemi frístundaheimila





hlýtur ávallt að vera að tryggja eftirfylgni rekstraraðila að starf á vegum þeirra sé í samræmi við þau lög og reglur sem um þann rekstur gilda.

**Í öðru lagi** óska SSSK eftir skýringum á 75% viðmiðun þeirri sem fjallað er um í 2. gr. og útreikningur framlaga grundvallast á. Að mati samtakanna er óljóst hverjar forsendur framlagsins eru, s.s. er reiknað meðaltal á barn eða tímaeiningu sem nýtt er í frístund. Þá benda SSSK á að ef um er að ræða tilvísun til þeirra 75% framlaga sem kveðið er á um í 43. gr. b. grunnskólalaga þá óska SSSK einnig skýringa á því hvers vegna ekki er tekið tillit til húsnæðiskostnaðar í þeim útreikning, sbr. fyrsti málsíður ákvæði 2.1 gr. draganna. Benda samtökin á í því samhengi að í öðrum málsíð 1. mgr. 43. gr. b. grunnskólalaga segir að framlög skuli nema að lágmarki 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar sem eðli málsins samkvæmt tekur einnig til húsnæðiskostnaðar. Í ljósi þessa, þar sem tilvísun er til lögbundins framlags grunnskólalaga, þá telja SSSK að taka beri einnig tillit til þess kostnaðar sem hluta af rekstrarkostnaði frístundastarfs sem sannarlega fer fram í húsnæði á vegum skólanna. Mikilvægt er að mati samtakanna að fá fram með skýrum hætti forsendur framlagsins enda er að óbreyttu vandkvæðum háð fyrir rekstraraðila að taka upplýsta afstöðu til þessa framlags sem hér um ræðir.

Þá gjalda SSSK þess varhug að í ákvæðinu um framlög sé vísað til rekstraráætlana enda hafa einstök dæmi í fyrri samskiptum sýnt fram á að sjálfstætt reknir grunnskólar hafa orðið af tekjum vegna breytinga á áætlunum. SSSK ítreka að samtökin treysta því að borgin áætli kostnað út frá þekktum raunkostnaði. Oftast er það þannig að í opinberum áætlunum að þær verða að vera hluti af heildaráætlun þar sem útgjöld eru ákveðin fyrirfram. Ef skera þarf niður hins vegar í áætlanagerð verða slíkar áætlanir fyrir barðinu til að skaða ekki heildarútgjöld sem hefur í för með sér að tiltekin framlög lækka sem grundvallast á áætlun. Því fylgir því veruleg óvissa þegar framlögin eru skilyrt fjárhagsáætlun með þeim hætti sem hér um ræðir. Í ljósi þessa óska SSSK þess að framlög til frístundastarfsemi grundvallist á raunkostnaði umfram áætlun.

**Í þriðja lagi** vilja SSSK gera athugasemd hvað varðar 8. gr. draganna. Fyrir það fyrsta benda samtökin á að í drögunum hefur sú misritun átt sér stað að tvær greinar þeirra bera með sér að vera 8. gr. Að því slepptu benda SSSK á að í ákvæðinu er kveðið um skil á endurskoðunum ársreikningum fyrir liðið fjárhagsár. Í þessu samhengi benda SSSK á, eins og fram hefur einnig komið í athugasemdum einstakra skóla um sambærileg ákvæði annarra samninga, þá er ekki fortakslaus krafa að skólar skili endurskoðunum ársreikningum en þess í stað er um staðfesta ársreikninga að ræða í þeim tilvikum. Þá er krafa um endurskoðaða ársreikninga á tíðum illframkvæmaleg í þeim tilvikum þar sem reikningsár skóla fellur ekki að þeim tímamörkum sem kveðið er á um í drögunum. Þar að auki er um að ræða verulega fjárhagslega kvöð, sér í lagi fyrir smærri félög, að fá fulla endurskoðun á ársreikningum. Í ljósi þessa skora SSSK á borgina um að taka ákvæði þetta til endurskoðunar og að þar verði kveðið á um staðfestan ársreikning í stað endurskoðaða ársreikninga.

Til viðbótar við framanritað telja SSSK almennt að framlag til frístundar sjálfstætt rekinnar grunnskóla skuli vera jafnt grunnframlagi fyrir hvert barn og telja samtökin að slíkur útreikningur ætti að auðsóttur hjá borginni út frá bæði áætlunum og raunkostnaði. Þá benda samtökin á að til að bjóða upp á frístundastarfsemi þurfa skólar að setja á fót sérstakan frístundarekstur sem er aðgreindur frá starfsemi þessara aðila á sviði leik- og/eða grunnskóla



samtök sjálfstæðra skóla

SFS2016100093

154. fundur



Samtök  
verslunar og  
þjónustu

en óvissa er uppi hvort samlegðaráhrif við annan rekstur geti verið ívilnandi eða íþyngjandi fyrir rekstraraðila. Því er mikilvægt að framlög séu að jöfnu við grunnframlag fyrir hvert barn.

SSSK gera að öðru leyti ekki frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi drög að samningi um framlög vegna frístundar. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Þá ítreka samtökin að þau hafa óskað eftir fundi með skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar til að reifa nánar framangreindar athugasemdir samtakanna um sammingsdrögin sem og önnur atriði þeim tengd.

Virðingafyllt

Sara Dögg Svanhildardóttir  
Formaður Samtaka sjálfstætt starfandi skóla

Reykjavík 19.2.2019

Samtök Sjálfstæðra skóla

b.t. Sara Dögg Svanhildardóttir

**Efni: Drög að þjónustusamningi við sjálfstætt rekna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila.**

Vísað er til er til bréfs Samtaka sjálfstæðra skóla, dags. 1. febrúar 2019, og fundar sem haldinn var þann 4. febrúar sl.

Eftirfarandi er afstaða skóla- og frístundasviðs til athugasemda SSSK:

**Í fyrsta lagi** bendir SSSK á ákvæði 1.2 þar sem vísað er til laga og reglna sem um starfsemina gilda.

Fallist er á einföldun á orðalagi varðandi lög og reglur í samræmi við athugasemdir sem bárust frá SSSK, sbr, meðfylgjandi drög að samningi með breytingum merktum.

Hvað varðar athugasemd SSSK um að borgin hafi athugasemdalaust samþykkt frístundastarfsemi sjálfstætt rekinna grunnskóla og þar með staðfest þá starfsemi í verki þá er á það bent að fram að þar til lögum um grunnskóla var breytt með lögum 76/2016, var ekki kveðið á um að öllum börnum í yngri árgöngum skuli gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Nú þegar fyrir liggja viðmið Menntamálaráðuneytis um gæði frístundastarfs er mikilvægt að sjálfstætt reknir grunnskólar sem reka frístundaheimili horfi til þeirra en samkvæmt 2. mgr. 7. gr. daga að samningi er gert ráð fyrir að fram fari úttekt/ytra mat á starfsemi frístundaheimila byggt á lögum um grunnskóla og framangreindum viðmiðum.

**Í öðru lagi** er óskað eftir skýringum á 75% viðmiðun þeirri sem fjallað er um í 2. gr. og útreikningur framlags grundvallast á.

Hér fyrir að neðan eru útreikningar þar sem í neðri töflu kemur fram grunnverð og í þeirri efri eru útreikningur sem miðað er við í drögum að samningi.

Kostnaðurinn er sá sami ef miðað er við þátttöku í frístundaheimilum borgarinnar. Skólar sem bjóða umfram þjónustu sem felst í því að foreldrar geta keypt stakar klukkustundir á dag eru eðlilega dýrari rekstrareiningar.

Til samanburðar er hægt að skoða gjaldskrár sveitafélaganna Kópavog og Garðabæjar þar sem gjaldskrár Kópavogs er 35% og Garðabæjar 40% hærri en gjaldskrá Reykjavíkurborgar miðað við sambærilega vistun á mánuði.

Með því að hafa grunnjald fyrir öll börn væri borgin að greiða herra framlag til þeirra skóla sem bjóða klukkustundargjald heldur en til skóla sem eru með sama fyrirkomulag og borgin þar sem kaupa þarf heila daga. Það er eðlilegra að umfram þjónusta sé fjármögnuð með hærri gjaldskrá til foreldra með sambærilegum hætti og gert er í nágrennasveitafélögum sem eru með sama kerfi.

Skóla- og frístundasvið mun leggja til við skóla- og frístundaráð að sem áður verði greitt hlutfallslega eftir vistunartíma.

Tölur eru úr Áætlun 2019	
<b>Barnafjöldi 5 daga vistunargildi</b>	<b>3.721</b>
Kostanður pr barn á ári	178.480
Mánaðarkostnaður pr barn	18.787
<b>Mánaðarkostnaður pr barn 75%</b>	<b>14.090</b>

Tölur eru úr Áætlun 2019	
<b>Barnafjöldi í frístundaheimilum</b>	<b>4.036</b>
Kostanður pr barn á ári	164.550
Mánaðarkostnaður pr barn	17.320
<b>Mánaðarkostnaður pr barn 75%</b>	<b>12.990</b>

Húsnæðiskostnaður, þ.e. leiga og rekstur á húsnæði er alltaf í úthlutun til grunnskóla jafnvel þó frístundaheimili sé í sér húsnæði á lóð skólans þá greiðir skólinn allan kostnað vegna húsnæðis. Þessi kostnaður er því innifalinn í rekstrarframlagi sem sjálfstætt reknir grunnskólar fá frá borginni, þess vegna er engin húsnæðiskostnaður í framlagi vegna frístundaheimila.

**Í þriðja lagi** eru gerðar athugasemdir við að 8. gr. sé tvítalin og að gerð sé krafa um endurskoðaða ársreikninga fyrir liðið fjárhagsár.

Í meðfylgjandi drögum hefur tvítalning verið leiðrétt.

Hvað varðar kröfu um að ársreikningar verði endurskoðaðar er á það bent að gerð er sama krafa í tengslum við greiðslu framlags Reykjavíkurborgar til sjálfstætt rekinn grunnskóla og sjálfstætt rekinna leikskóla og tónlistarskóla. Í tengslum við athugasemdir tónlistarskóla tók endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar málið til skoðunar og komst að þeirri niðurstöðu að um væri að ræða eðlilega kröfu með vísan til þess að borgin fái ársreikninga skóla sem sýni upplýsingar um rekstur skólans og fjárhag. Ekki sé hægt að ætlast til þess að Reykjavíkurborg leggi í sjálfstæða skoðun á réttmæti þeirra fjárhagsupplýsinga sem hver skóli leggi fram. Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar telur það því réttmæta kröfur að skóli sem fær fjárframlag frá borginni skili ársreikningum, sem hafi verið endurskoðaðir og áritaðir af löggiltum endurskoðanda. Umfjöllun um málið í borgarráði má sjá hér;

[https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/fundargerdir\\_pdf/endurskodunarnefnd\\_0210.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/fundargerdir_pdf/endurskodunarnefnd_0210.pdf)

Með vísan til framangreinds verður lagt til við skóla- og frístundaráðs að ekki verði gerð breyting hvað varðar framangreint atriði í drögum að þjónustusamningi.

Gerður er fyrirvari um að breytingar kunna að verða gerðar á drögum að teknu tilliti til athugasemda sem kunna að berast auk þess sem tekið er fram að það er skóla- og frístundaráð og borgarráð sem taka ákvörðun um gerð samninga. Til samræmis við það sem fram kemur í drögum að samningi er ekki búíð að samþykkja útfærslu á systkinaafslætti í skóla- og frístundaráði og borgarráði og því gerður fyrirvari um að breytingar kunni að verða á gr. 2.2.

Samtökum sjálfstæðra skóla er hér með gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum hvað varðar meðfylgjandi drög að samningi. Farið er fram á að athugasemdir berist eigi síðar en 22. febrúar 2019.